

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90 frá 1996.

Þskj: 26 – 26. mál.

Undirritaður hefur, f.h. Sýslumannafélags Íslands, mótttekið bréf Allsherjarnefndar Alþingis dags. 5. nóvember 2003 þar sem óskað er eftir umsögn félagsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90 frá 1996. Á fundi félagsins s.l. föstudag var erindið tekið fyrir og rætt. Samþykkt var að senda svohljóðandi:

Umsögn:


Sýslumannafélag Íslands leggst gegn því að fella út ákvæði 34. gr. lögreglulaga. Ákvæðið veitir lögreglustjóra heimild til að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að leyfishafi greiði kostnað af aukinni löggæslu sem lögreglustjóri telur nauðsynlega til að reglu verði haldið á skemmtuninni, auk þess sem í 2. mgr. greinarinnar er að finna heimild lögreglustjóra til að láta framkvæmdaaðila greiða löggæslukostnað af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafæri og flutnings á óvenjulegum og hættulegum farmi.

Það er mat stjórnar félagsins að ekki sé unnt að fella ákvæðið úr lögum, nema lögregluembættum verði með öðrum hætti tryggð greiðsla þess löggæslukostnaðar sem af skemmtanahaldi hlýst. Einstaka skemmtanir eins og til dæmis útihátíðir útheimta oft fjölmennar lögreglu- og gæslusveitir til þess að tryggja að hátíðin fari vel fram og öryggi gesta sé eins og best verður á kosið. Þetta gæti orðið örðugt og afar kostnaðarsamt í afskekktum héruðum og bæjum þar sem fyrir er fámennt lögreglulið og ef til vill engin aðstaða á mótstað, hvorki fyrir lögreglu, heilsugæslu né annað það sem til þarf.

Það er auðvitað pólitísk ákvörðun þegar ákveða á hvort skemmtanahaldari eða ríkissjóður eigi að bera kostnað af þeirri löggæslu sem hlýst af einstökum skemmtunum, t.d. útihátíðum. Miklar umræður hafa orðið um þetta á undanförunum árum.

Það er þó umhugsunarefni, þegar um er að ræða stórar og umfangsmiklar skemmtanir sem útheimta gífurlegan viðbúnað á fjölmörgum sviðum ef skemmtanahaldari, sem alla jafnan innheimtir endurgjald fyrir aðgang, ætti kröfu um allan þann viðbúnað af hendi ríkissins án nokkurs endurgjalds. Þar ber að hafa í huga að aðsókn á flestar þessara útiskemmtana er oft mjög tilviljanakennd og mat á viðbúnaði mjög erfiður. Þá verður og að hafa í huga að í dag samþykkja lögreglustjórar notkun skemmtanahaldara á sérstökum gæsluliðum, oft björgunarsveitarfólki, til þess að draga úr löggæslukostnaði.

Reykjavík, 24. nóvember 2003
Virðingarfyllst,



Ólafur Hauksson
formaður